

# REGLUGERÐ

## um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags)

### I. KAFLI

#### Gildissvið og orðskýringar.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið og markmið.*

Reglugerð þessi gildir um starfsemi og rekstur rekstrarfélaga verðbréfasjóða með starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

Þegar vísað er til verðbréfasjóða í reglugerð þessari er einnig átt við fjárfestingarsjóði eftir því sem við á.

Ákvæði V. kafla gilda einnig um vörslufyrirtæki sem stunda starfsemi sína skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og skv. c-lið. II. kafla laga nr. 128/2011.

##### 2. gr.

##### *Orðskýringar*

Eftirfarandi orðskýringar eru settar fram til viðbótar við orðskýringar 2. gr. laga nr. 128/2011.

*Viðskiptavinur:* einstaklingur eða lögaðili þ.m.t. verðbréfasjóður, sem rekstrarfélag veitir þjónustu á sviði sameiginlegrar stýringar verðbréfasafns eða þjónustu.

*Rekstrarfélag:* Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og rekur verðbréfasjóð um sameiginlega fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum seljanlegum eignum.

*Starfsmaður rekstrarfélags:*

a) stjórnarmaður, meðeigandi eða samasvarandi aðili eða stjórnandi rekstrarfélagsins,  
b) starfsmaður rekstrarfélagsins, eða hver sá einstaklingur sem starfar undir stjórn rekstrarfélagsins og á þátt í að veita þjónustu rekstrarfélagsins vegna sameiginlegrar stýringar verðbréfasafna,

c) einstaklingur sem á beinan þátt í því að veita rekstrarfélagi þjónustu samkvæmt samningi um útvistun þjónustu á sviði sameiginlegrar stýringar verðbréfasafna,

*Stjórnendur:* aðili eða aðilar sem í reynd stýra starfsemi rekstrarfélagsins þ.m.t. sjóðstjóri.

*Stjórn:* stjórn rekstrarfélagsins,

*Mótaðilaáhætta:* Hættan á tapi verðbréfasjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað,

*Lausafjáráhætta:* Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni verðbréfasjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

*Markaðsáhætta:* Hættan á tapi verðbréfasjóðsins vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni verðbréfasjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa – og hrávöruverði eða lánshæfi útgefanda,

*Rekstraráhætta:* Hættan á tapi verðbréfasjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd verðbréfasjóðsins.

## II. KAFLI Skipulagskröfur.

### 1. ÞÁTTUR.

#### Skipulag og eftirlitskerfi.

##### 3. gr.

##### *Almennar skipulagskröfur*

Rekstrarfélag skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) koma á og viðhalda skýrum skriflegum verkferlum um ákvarðanatöku og skipulagi þar sem kemur fram hverjar séu boðleiðir innan fyrirtækisins, sem og skipting verkefna og ábyrgðar,
- b) tryggja að starfsmönnum rekstrarfélagsins sé kunnugt um þær reglur og verkferla er fylgt skal í starfsemi þess,
- c) starfrækja viðunandi innri eftirlitskerfi sem ætlað er að tryggja að ákvörðunum og ferlum sé fylgt í allri starfsemi fyrirtækisins,
- d) ráða starfsfólk með færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að inna af hendi þau verkefni sem þeim eru falin,
- e) koma á og viðhalda skilvirkri innri skýrslugjöf og miðlun upplýsinga á öllum viðeigandi sviðum í fyrirtækinu,
- f) viðhalda fullnægjandi skráum um viðskipti sín og innra skipulag,
- g) tryggja að þegar starfsmenn rekstrarfélags sinna margþættum störfum komi það ekki í veg fyrir að þessir aðilar geti tekist á við störf sín af heilindum, heiðarleika og fagmennsku.

Ráðstafanir sem rekstrarfélag gerir til að uppfylla framangreindar skipulagskröfur skulu taka mið af eðli og umfangi starfsemi fyrirtækisins.

Rekstrarfélag skal koma á fót og viðhalda kerfum og ferlum sem duga til að vernda öryggi og réttmæti upplýsinga og trúnað, sem á þeim hvílir, að teknu tilliti til þess hvers eðlis þær upplýsingar eru sem um ræðir.

Rekstrarfélag skal setja sér stefnu um samfelldni viðskipta, sem miðar að því að tryggja varðveislu nauðsynlegra gagna og aðgerða og að viðhalda starfseminni ef truflun verður í kerfum þess eða ferlum, eða ef því verður ekki við komið, að slík gögn verði endurheimt og að starfseminni verði komið í samt horf að nýju, eins fljótt og mögulegt er.

Rekstrarfélag skal setja sér stefnu um reikningsskil sem gerir því kleift að skila tímanlega til Fjármálaeftirlitsins, að beiðni þess, fjárhagsupplýsingum sem gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins og uppfylla alla gildandi reikningsskilastaðla og -reglur.

Rekstrarfélag skal hafa eftirlit með og meta reglulega hæfi og skilvirkni kerfa sinna, innri eftirlitskerfa og fyrirkomulags sem komið er á í samræmi við 1.-4. mgr. og grípa til viðeigandi ráðstafana til að ráða bót á annmörkum.

4. gr.

*Starfsmenn og eftirlit*

Rekstrarfélag skal ráða starfsfólk sem býr færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að sinna þeim verkefnum og ábyrgð sem þeim eru falin.

Rekstrarfélag skal tryggja að þau hafi nægilegan mannafla og sérþekkingu innan sinna raða til að hafa fullnægjandi og skilvirkt eftirlit með starfsemi sem þriðju aðilar sinna fyrir rekstrarfélagið á grundvelli samnings, einkum að því er varðar áhættustýringu í tengslum við viðkomandi samninga.

Rekstrarfélag skal tryggja að þrátt fyrir að starfsfólk sinni fjölþættum störfum, sé því gert kleift að takast á við störf sín af heilindum, heiðarleika og fagmennsku.

Í tengslum við 1., 2. og 3. mgr. skal rekstrarfélag taka tillit til annars vegar umfangs og eðlis af starfsemi rekstrarfélagsins og hversu flókin hún er, og hins vegar af umfangi og eðli þeirrar þjónustu sem rekstrarfélagið veitir í tengslum við þá starfsemi.

5. gr.

*Meðferð kvartana*

Rekstrarfélag skal starfrækja gagnsætt og skilvirkt verklag fyrir meðferð kvartana frá fjárfestum. Meðferð kvartana skal vera sanngjörn og skjót.

Rekstrarfélag skal halda skrá yfir hverja kvörtun og þær ráðstafanir sem gripið er til við úrlausn hennar. Fjárfestar skal geta lagt fram kvartanir án endurgjalds og upplýsingar um meðferð kvartana skulu veittar án endurgjalds.

6. gr.

*Rafræn skráning og gagnavinnsla*

Rekstrarfélag skal hafa til umráða kerfi fyrir rafræna skráningu með viðskipti eignasafns sjóðs og áskriftar- og innlausnarpantanir, svo að kröfum 12. og 13. gr. sé mætt. Kerfið skal tryggja að viðskipti séu skráð á réttan hátt og á réttum tíma.

Rekstrarfélag skal tryggja hátt öryggisstig við rafræna gagnavinnslu og þar sem við á, tryggja trúnað um skráðar upplýsingar.

7. gr.

*Bókhaldsfyrirkomulag*

Rekstrarfélag skal tryggja að beitt sé reikningsskilaaðferðum og ferlum til að tryggja vernd eigna hlutdeildarskírteina, sbr. 5. mgr. 3. gr.

Bókhald verðbréfasjóðs skal vera með þeim hætti að unnt sé að greina allar eignir og skuldir verðbréfasjóðsins á hverjum tíma. Ef verðbréfasjóður hefur mismunandi deildir skal reikningar deildana verða aðskildir.

Rekstrarfélag skal koma á, framkvæma og viðhalda reikningsskilaaðferðum í samræmi við gildandi reikningsskilastaðla og reikningsskilareglur, til að tryggt sé að útreikningur á hreinni eign hvers verðbréfasjóðs sé rétt á grundvelli reikningsskila og að framkvæma megi áskriftar- og innlausnarpantanir í samræmi við það verðmæti hreinnar eignar.

2. ÞÁTTUR.  
**Skipulag og eftirlitskerfi.**

8. gr.

*Eftirlit stjórnenda og eftirlitseiningar*

Stjórnendur og eftirlitseining rekstrarfélaga skal tryggja að skyldur rekstrarfélagsins samkvæmt lögum og reglum séu uppfylltar, sbr. einkum lög nr. 128/2011.

Rekstrarfélagið skal tryggja að stjórnendur þess:

- a) beri ábyrgð á framkvæmd á almennri fjárfestingarstefnu hvers verðbréfasjóðs sem félagið stjórnar, og ef við á, útboðslýsingu sjóðsins, reglum hans,
- b) hafi umsjón með samþykki á fjárfestingarmarkmiðum fyrir hvern verðbréfasjóð undir stjórn rekstrarfélagsins,
- c) beri ábyrgð á að rekstrarfélagið hafi varanlega og skilvirka regluvörslu, sbr. 9. gr., þótt þriðji aðili inni starfsemina af hendi,
- d) tryggi og staðfesti með reglulegu millibili að almenna fjárfestingarstefnan, fjárfestingarmarkmið og áhættutakmarkanir hvers verðbréfasjóðs sem rekstrarfélagið rekur séu framkvæmdar rétt og skilvirkt og að farið sé að þeim, einnig þegar þriðji aðili innir áhættustýringuna af hendi,
- e) samþykki og endurskoði með reglulegu millibili hvort innra verklag við fjárfestingarákvarðanir sé fullnægjandi í tilvikum hvers og eins verðbréfasjóðs sem rekstrarfélagið stjórnar, til að tryggja að slíkar ákvarðanir séu í samræmi við samþykkt fjárfestingarmarkmið,
- f) samþykki og endurskoði með reglulegu millibili áhættustýringarstefnu og verkferla við og framkvæmd þeirrar stefnu, eins og um getur í 36. gr., þ.m.t. kerfi til að takmarka áhættu fyrir hvern og einn verðbréfasjóð sem rekstrarfélagið stjórnar.

Rekstrarfélagið skal einnig sjá til þess að stjórnendur þess og, eftir því sem við á, eftirlitseiningin:

- a) meti og endurskoði með reglulegu millibili skilvirkni þeirrar stefnu, fyrirkomulags og verklags sem komið í samræmi við lög og reglur er gilda um verðbréfasjóði,
- b) geri viðeigandi ráðstafanir til að taka á annmörkum.

Rekstrarfélag skal tryggja að stjórnendur þess fái reglulega, a.m.k. árlega, skriflegar skýrslur um málefni varðandi regluvörslu, innri endurskoðun og áhættustýringu, þar sem einkum kemur fram hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar ef annmarkar eru fyrir hendi.

Rekstrarfélag skal tryggja að stjórnendur þeirra fái reglulega skýrslur um framkvæmd fjárfestingarmarkmiða og innra verklag við fjárfestingarákvarðanir sem um getur í b- til e-lið 2. mgr.

Rekstrarfélag skal tryggja að eftirlitseiningin, ef einhver er, fái reglulega í hendur skriflegar skýrslur um málefnið sem um getur í 4. mgr.

9. gr.

*Regluvarsla*

Rekstrarfélag skal koma á og viðhalda viðeigandi stefnu og ferlum sem gerðir eru til að greina hvers konar hættur á misbrestum hjá rekstrarfélaginu á því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt gildandi lögum og reglum um verðbréfasjóði og koma á fót ferlum til þess að lágmarka slíka hættu og gera Fjármálaeftirlitinu kleift að beita valdi sínu á skilvirknan hátt samkvæmt þessari reglugerð.

Ráðstafanir sem rekstrarfélag beitir til að uppfylla framangreindar kröfur um regluvörslu, þegar viðskipti fara fram, skal taka mið af eðli viðskiptanna og umfangi þjónustu og starfsemi félagsins.

Rekstrarfélag skal koma á og viðhalda skilvirkri regluvörslu sem er óháð öðrum þáttum í starfsemi fyrirtækisins og hefur eftirfarandi hlutverki að gegna:

a) að fylgjast með og meta hvort ráðstafanir og ferlar skv. 1. mgr. séu fullnægjandi og skilvirk sem og þær aðgerðir sem gripið er til, til að bæta úr misbrestum fyrirtækisins við að uppfylla skyldur sínar,

b) að veita starfsmönnum rekstrarfélags sem annast viðskipti og þjónustu í tengslum við verðbréfasjóði, nauðsynlega fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til að þeir geti uppfyllt skyldur fyrirtækisins samkvæmt gildandi lögum og reglum um verðbréfasjóði.

Rekstrarfélag skal tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt þannig að regluvörslunni sé gert kleift að inna skyldur sínar af hendi með réttum og óháðum hætti:

a) þeir aðilar sem fara með regluvörslu verða að hafa nauðsynlegt vald, úrræði og sérfræðisþekkingu og aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli,

b) tilnefna skal regluvörð sem ber ábyrgð á regluvörslu og allri skýrslugjöf til yfirstjórnar, sem krafist er reglulega og a.m.k. árlega skv. 4. mgr. 8. gr.,

c) starfsmenn rekstrarfélags sem starfa við regluvörslu skulu ekki taka þátt í að inna af hendi þjónustu eða sinna starfsemi sem þeir hafa eftirlit með,

d) sú aðferð sem beitt er við ákvörðun þóknunar starfsmanna rekstrarfélagsins, sem starfa við regluvörslu, skal ekki vera líkleg til að hafa áhrif á hlutlægni þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er rekstrarfélagi ekki skylt að uppfylla c- eða d-lið ef það getur sýnt fram á að kröfur þessar séu of þungbærar miðað við umfang og eðli starfsemi félagsins og að regluvarsla sé að öðru leyti fullnægjandi.

#### 10. gr.

##### *Innri endurskoðun*

Rekstrarfélagið skal koma á og viðhalda aðferð við innri endurskoðun sem er aðskilin og óháð öðrum deildum og starfsemi rekstrarfélagsins, þar sem það er viðeigandi og hæfilegt með tilliti til eðlis og umfangs starfsemi rekstrarfélagsins og eðlis og umfangs sjóðastýringar sem sinnt er þegar viðskipti fara fram. Innri endurskoðun skv. 1. mgr. sinnir eftirfarandi hlutverkum:

a) koma á og viðhalda endurskoðunaráætlun til að rannsaka og meta hvort kerfi rekstrarfélagsins, innri eftirlitskerfi og fyrirkomulag séu fullnægjandi og skilvirk,

b) gefur út tilmæli sem byggjast á niðurstöðu vinnu sem innt er af hendi í samræmi við a-lið,

c) sannreynir að ráðleggingum samkvæmt b-lið hafi verið fylgt,

d) gefur skýrslur í tengslum við innri endurskoðun í samræmi við 4. mgr. 8. gr.

11. gr.

*Áhættustýring*

Rekstrarfélag skal koma á og viðhalda varanlegri áhættustýringu þ.m.t að beita áhættustýringarferli sem gerir því kleift að vakta og meta stöðuáhættu á hverjum tíma og hlut hennar í heildaráhættu eignasafnsins. Þá skal nota aðferð til að leggja nákvæmt og óháð mat á verðmæti afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Starfseining áhættustýringar, skv. 1 mgr. skal vera sjálfstæð og óháð öðrum rekstrareiningum. Fjármálaeftirlitinu er heimilt er að veita undanþágu frá skyldu þessari. Við mat á því hvort veita skuli undanþágu skal taka mið af eðli og umfangi starfsemi rekstrarfélagsins og verðbréfasjóða sem það stýrir. Rekstrarfélag skal sýna fram á að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra þannig að starfsemi áhættustýringar sé sjálfstæð og óháð og standist kröfur sem til hennar eru gerðar.

Starfsemi áhættustýringar skal sjá um eftirfarandi verkefni:

- a) framkvæmd áhættustýringarstefnu og verklags í tengslum við hana,
- b) tryggja að farið sé að kerfi verðbréfasjóðsins í tengslum við takmörkun á áhættu, þ.m.t. lögboðinni takmörkun heildaráhættu og mótaðilaáhættu sbr. 38. gr., 39. gr. og 40. gr. þessarar reglugerðar. veita stjórn ráðgjöf um áhættusnið (e. *risk profile*) sérhvers verðbréfasjóðs sem rekstrarfélagið stýrir,
- c) að gefa stjórninni og eftirlitseiningu, ef við á, reglulega skýrslu um:
  - i. samræmi milli núverandi áhættustigs hvers verðbréfasjóðs og áhættusniðs sem samþykkt hefur verið fyrir viðkomandi verðbréfasjóð,
  - ii. hvort sérhver verðbréfasjóður undir stýringu rekstrarfélagsins sé í samræmi við viðeigandi takmörkun áhættu,
  - iii. hvort áhættustýringarverklag og/eða ferli er fullnægjandi og skilvirkt, einkum hvort viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta úr annmörkum sem kunna að hafa komið til,
- d) gefa stjórnendum reglulega skýrslur um núverandi áhættustig hvers verðbréfasjóðs sem rekstrarfélagið stýrir, og sé farið umfram takmarkanir þeirra eða þegar það er fyrirsjáanlegt, að tryggja að unnt sé að grípa skjótt til aðgerða,
- e) endurskoða og styðja, verklag vegna mats á virði afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða eins og um getur í 42. gr.
- f) tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu með reglubundnum hætti um tegundir afleiðugerninga, sjá 43. gr. er varðarskýrslu um afleiður..

Starfsmenn áhættustýringar skulu hafa nauðsynlegt vald og aðgang að öllum upplýsingum sem þörf er á til að sinna þeim verkefnum sem tilgreind eru í a-f. lið 3. mgr.

12. gr.

*Eigin viðskipti starfsmanna*

Rekstrarfélag skal koma á og viðhalda fyrirkomulagi, sem miðar að því að koma í veg fyrir háttsemi starfsmanna þess, sem tiltekin verður í liðum hér að neðan, sem koma að starfsemi sem valdið gæti hagsmunaárekstrum eða hafa aðgang að innherjaupplýsingum í skilningi laga um verðbréfavíðskipti eða öðrum

trúnaðarupplýsingum sem tengjast verðbréfasjóði eða viðskiptum við eða fyrir verðbréfasjóð á grundvelli starfsemi sem hann innir af hendi sjálfur eða fyrir hönd rekstrarfélagsins:

a) að stofna til eigin viðskipta þar sem a.m.k. eitt af eftirfarandi viðmiðum á við:

- i. hlutaðeigandi einstaklingum er óheimilt að stofna til viðskiptanna samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, s.s. vegna reglna um innherjavíðskipti,
- ii. víðskiptin fela í sér misnotkun eða óvíðeigandi birtingu trúnaðarupplýsinga,
- iii. víðskiptin stangast á við eða eru líkleg til að stangast á við skyldur rekstrarfélagsins,

b) að gefa öðrum aðila ráð eða aðstoða hann við að stofna til víðskipta með fjármálagerninga á annan hátt en í samræmi við eðlilegar starfsskyldur, ef víðskiptin falla undir a-lið þessa ákvæðis, a- eða b-lið 2. mgr. 23. gr. eða 3.mgr. 47. gr. reglugerðar nr. 995/2007 ef um væri að ræða eigin víðskipti starfsmanna rekstrarfélagsins,

c) að veita öðrum aðila upplýsingar eða álit, nema það sé heimilt samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, aðrar en þær sem um er að ræða í venjubundnu starfi eða samkvæmt þjónustusamningi, ef hlutaðeigandi starfsmaður rekstrarfélagsins veit eða má vita að móttakandi muni, eða líklegt er að hann muni, grípa til eftirfarandi úrræða:

i. stofna til víðskipta með fjármálagerninga, sem myndu falla undir a-lið þessa ákvæðis, a- eða b-lið 2. mgr. 23. gr. eða 3. mgr. 47. gr. reglugerðar nr. 995/2007 ef um væri að ræða eigin víðskipti starfsmanns rekstrarfélags, eða

ii. ráðleggja eða aðstoða annan aðila við að stofna til slíkra víðskipta.

Fyrirkomulagið, sem krafist er skv. 1. mgr., verður að vera þannig að tryggt sé að:

a) sérhverjum starfsmanni rekstrarfélagsins, sem 1. mgr. tekur til, sé kunnugt um takmarkanir á eigin víðskiptum starfsmanna og um þær ráðstafanir sem rekstrarfélagið hefur komið á í tengslum við slík víðskipti og veitingu upplýsinga í samræmi við 1. mgr.,

b) rekstrarfélaginu sé tafarlaust tilkynnt um öll eigin víðskipti starfsmanna,annaðhvort með tilkynningu um þessi víðskipti eða með öðrum leiðum þannig að rekstrarfélaginu sé unnt að greina slík víðskipti,

c) haldin sé skrá um eigin víðskipti starfsmanna, þ.m.t. allar heimildir eða synjanir í tengslum við slík víðskipti.

Að því er varðar b-lið 1. mgr. skal rekstrarfélagið, ef þriðji aðili framkvæmir tiltekna aðgerðir, tryggja að sú eining er framkvæmir þær haldi skrá yfir eigin víðskipti starfsmanna og veiti rekstrarfélaginu þær upplýsingar án tafar að beiðni þess.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skal ekki gilda um eftirfarandi eigin víðskipti starfsmanna rekstrarfélags:

a) eigin víðskipti sem framkvæmd eru í eignastýringu þar sem engin samskipti hafa farið fram í tengslum við víðskiptin milli eignasafnsstjórans og hlutaðeigandi einstaklings,

b) eigin víðskipti í verðbréfasjóði eða hlutdeildarskírteini í sameiginlegum sjóðum sem falla undir skilyrði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingur taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs.

13. gr.

*Skráning viðskipta með eignasafn*

Rekstrarfélag skal tryggja að skráðar séu upplýsingar, fyrir hver viðskipti með eignasafn verðbréfasjóð. Upplýsingarnar skulu vera fullnægjandi skráðar, þannig að unnt sé að rekja upplýsingar um pöntunina og framkvæmd viðskipta án tafar.

Skráning skal fela í sér:

- a) Nafn eða annað heiti verðbréfasjóðsins og viðkomandi einstaklingins sem starfar fyrir hönd verðbréfasjóðsins,
- b) upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tilgreina viðkomandi gerning,
- c) magn,
- d) eðli pöntunar eða viðskipta,
- e) verð,
- f) þegar um pantanir er að ræða, skal koma fram dagsetning og nákvæm tímasetning á pöntun og nafn eða annað heiti aðilans sem pöntunin var send til, í tilviki viðskipta, skal koma fram dagsetning og nákvæm tímasetning ákvörðunar um að eiga viðskipti og framkvæmd viðskipta,
- g) nafn aðilans sem sendir pöntunina eða framkvæmir viðskiptin
- h) eftir atvikum, ástæður fyrir afturköllun pöntunar,
- i) varðandi framkvæmd viðskipti, auðkenni mótaðila og viðskiptakerfis,

Með viðskiptakerfi í i-lið er átt við skipulegan verðbréfamarkað, markaðstorg fjármálagerninga, innmiðlara, viðskiptavaka, sbr. lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 eða annan aðila sem útvegar lausafé eða einingu sem gegnir sambærilegu hlutverki og einhver hinna framangreindu,

14. gr.

*Skráning áskriftar- og innlausnarpantana*

Rekstrarfélag skal gera eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að áskriftar- og innlausnarpantanir sem berast verðbréfasjóðnum sé safnað saman og skráðar tafarlaust við viðtöku.

Skráning skal innhalda upplýsingar um eftirfarandi:

- a) viðkomandi verðbréfasjóð,
- b) aðilann sem leggur fram eða sendir pöntunina,
- c) aðilann sem tekur við pöntuninni,
- d) dagsetningu og tímasetningu pöntunarinnar,
- e) greiðsluskilmála og greiðslumáta,
- f) eðli panta,
- g) dagsetningu á framkvæmd pantana,
- h) fjölda hlutdeildarskírteina, verð á hverju hlutdeildarskírteini og heildarvirði hlutdeildarskírteina sem aðili skrifar sig fyrir eða innleysir,
- i) heildarvirði pöntunar, þ.m.t. gjöld vegna áskriftar eða hreina fjárhæð að frádregnum innlausnargjöldum,

15. gr.

*Skráningarskylda*



Rekstrarfélag skal varðveita skrár, sem um getur í 13. og 14. gr., í a.m.k. 5 ár. Við sérstakar aðstæður getur Fjármálaeftirlitið, sé það nauðsynlegt til að rækja eftirlitshlutverk þess, krafist þess að rekstrarfélag varðveiti einstaka skráningar eða þær allar í lengri tíma, í samræmi við edli gernings eða viðskipta með eignasafn.

Eftir að leyfi rekstrarfélags hefur verið fellt úr gildi, getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að rekstrarfélag varðveiti skrár skv. 1. mgr. það sem eftir er af 5 ára tímabilinu. Ef rekstrarfélag felur öðru rekstrarfélagi ábyrgð sína í tengslum við verðbréfasjóðinn getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að ráðstafanir séu gerðar til að slíkar skrár varðandi undanfarin 5 ár séu aðgengilegar í því félagi.

Skrár skal varðveita á miðli og með þeim hætti að Fjármálaeftirlitinu sé unnt að nálgast þær síðar, á því formi og með þeim hætti að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) auðvelt sé fyrir Fjármálaeftirlitið að nálgast þær og hvert stig í ferlinu í viðskiptum með eignasafn sé gagnsætt og auðveld að endurgera,
- b) að auðvelt sé að rekja allar leiðréttingar eða breytingar, sem og innihald skráa áður en leiðréttingar eða breytingar voru gerðar,
- c) ekki má vera hægt að hagræða eða breyta skránum að öðru leyti.

### III. KAFLI.

#### Hagsmunaárekstrar

##### 16. gr.

##### *Hagsmunaárekstrar sem geta hugsanlega skaðað viðskiptavin*

Rekstrarfélag skal gera allar tiltækar ráðstafnir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavini þess. Í því skyni að greina hagsmunaárekstra sem geta skapast við veitingu þjónustu í tengslum við sjóðastýringu eða annars, skal rekstrarfélagið meta hvort félagið, starfsmaður þess eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur fyrirtækinu í gegnum yfirráð:

- a) sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað verðbréfasjóðsins,
- b) rekstrarfélagið eða aðilinn hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þjónustu eða viðskipta sem verðbréfasjóðnum er veitt eða verðbréfasjóðurinn veitir og þessir hagsmunir eru aðgreindir frá hagsmunum verðbréfasjóðsins að því er varðar niðurstöðuna,
- c) rekstrarfélagið eða aðilinn hafi fjárhagslegan hvata eða annars konar hvata til þess að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina frammar hagsmunum hlutaðeigandi verðbréfasjóðs,
- d) rekstrarfélagið eða aðilinn framkvæmir sömu aðgerðir fyrir verðbréfasjóðinn og fyrir annan viðskiptavin eða viðskiptavini sem ekki eru verðbréfasjóðir,
- e) rekstrarfélagið eða aðilinn, þiggur eða mun þiggja umbun í tengslum við þjónustu sem felst í sameiginlegri stjórnun eignasafns, sem veitt er verðbréfasjóðum í formi peninga, vara eða þjónustu, annarrar en venjubundinna umboðslauna eða þóknana fyrir þessa þjónustu, frá öðrum aðila en viðskiptavininum.

Rekstrarfélag skal taka tillit til eftirfarandi, við greiningu á tegundum hagsmunaárekstra:

- a) hagsmuna rekstrarfélagsins, þ.m.t. sem eru afleiðing þess að félagið tilheyrir samstæðu, eru afleiðingar af framkvæmd þjónustu og aðgerða, hagsmuna viðskiptavinanna og skyldu rekstrarfélagsins gagnvart verðbréfasjóðnum,
- b) hagsmuna tveggja eða fleiri verðbréfasjóða undir stjórn rekstrarfélagsins.

17. gr.

*Stefna varðandi hagsmunaárekstra*

Rekstrarfélag skal setja og viðhalda skilvirkri skriflegri stefnu varðandi hagsmunaárekstra. Stefnan skal sett fram skriflega og vera í samræmi við stærð og skipulag rekstrarfélagsins og eðli og umfang starfseminnar.

Ef rekstrarfélagið er aðili að samstæðu verður stefnan einnig að taka mið af hvers konar aðstæðum, sem félaginu ætti að vera kunnugt um, sem gætu leitt til þess að hagsmunaárekstrar verði vegna skipulags og starfsemi annarra aðila að samstæðunni.

Stefnan sem komið er á í samræmi við 1. mgr. skal taka á eftirfarandi efnisatriðum:

- a) hvaða aðstæður það eru sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum, í starfsemi á sviði sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafns sem stunduð er af rekstrarfélaginu, sem hafa í för með sér verulega hættu á að hagsmunir verðbréfasjóðsins eða eins eða fleiri viðskiptavina skaðist,
- b) aðferðum sem fylgja skal og til hvaða ráðstafana skal brugðist, í því skyni að hafa stjórn á þessum árekstrum.

Aðferðir og ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr., skal tryggja að starfsmenn rekstrarfélags, sem stunda störf sem hafa í för með sér hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í a-lið 2. mgr., starfi af nauðsynlegu sjálfstæði með tilliti til umfangs og starfsemi rekstrarfélagsins og samstæðunnar sem það tilheyrir, og þess hversu raunveruleg áhættan er á því að hagsmunir viðskiptavinanna skaðist.

Aðferðir og ráðstafanir, sem beita skal skv. b-lið 2. mgr. skal fela í sér eftirfarandi atriði sem eru nauðsynleg og viðeigandi fyrir rekstrarfélagið við að tryggja tilskilið sjálfstæði:

- a) árangursríkar aðferðir til að koma í veg fyrir og stýra upplýsingastreymi milli starfsmanna rekstrarfélags, sem stunda starfsemi á sviði sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafns, sem hefur í för með sér hættu á hagsmunaárekstrum, ef þessi upplýsingaskipti geta skaðað hagsmuni eins eða fleiri viðskiptavina (kínamúrar),
- b) sérstakt eftirlit með starfsliði rekstrarfélags sem hefur það að meginverkefni að annast sameiginlega stjórnun verðbréfasafns fyrir hönd viðskiptavina eða fjárfesta, hverra hagsmunir geta stangast á, ef þessi upplýsingaskipti geta skaðað hagsmuni eins og fleiri viðskiptavina,
- c) afnám hvers kyns beinna tengsla milli þóknunar starfsmanna rekstrarfélagsins sem annast fyrst og fremst eitt verkefnið og þóknunar starfsmanna á öðrum sviðum rekstrarfélagsins, ef til hagsmunaárekstra gæti komið milli þessara verkefna,
- d) ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nokkur aðili hafi óviðeigandi áhrif á það hvernig starfsmaður rekstrarfélags annast sameiginlega stjórnun verðbréfasafns, eða til að takmarka getu hans til að hafa slík áhrif,
- e) ráðstafanir til að takmarka eða stýra þeim aðstæðum þegar starfsmenn rekstrarfélags taka samtímis, eða í beinu framhaldi, þátt í mismunandi verkefnum, í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Ef samþykkt á eða beiting einnar eða fleiri af þessum ráðstöfunum og aðferðum tryggir ekki tilskilið óhæði skal aðildarríkin krefjast þess að rekstrarfélag samþykki þær val- eða viðbótarráðstafanir og -aðferðir sem eru nauðsynlegar og viðeigandi í þessu skyni.

18. gr.

*Skrár yfir þjónustu eða starfsemi skapar skaðlega hagsmunaárekstra*

Rekstrarfélag skal halda skrá sem það uppfærir reglulega yfir starfsemi rekstrarfélagsins á sviði sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafns sem er stunduð af rekstrarfélaginu eða fyrir hönd þess þar sem skapast hefur hagsmunaárekstur sem hefur í för með sér verulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri verðbréfasjóða eða viðskiptavina skaðist, eða kunni að skaðast.

Ef talið er að skipulag eða stjórnunarfyrikomulag rekstrarfélags vegna stjórnunar hagsmunaárekstra sé ófullnægjandi til að verjast hættu á að hagsmunir verðbréfasjóðs eða eigendur hlutdeildarskírteina hans skaðist, skal rektarfélagið veita, yfirstjórn eða öðrum bærum innri aðila resktarfélags, tafarlaust upplýsingar um það til að viðkomandi geti tekið nauðsynlega ákvörðun til að tryggja að rekstrarfélag starfi með hagsmuni verðbréfasjóðs og eigenda hlutdeildarskírteina hans að leiðarljósi.

Rekstrarfélag skal tilkynna fjárfestum um aðstæður sem um getur í 2. mgr. á varanlegum miðli og rökstyðja ákvörðun sína.

19. gr.

*Áætlun um nýtingu atkvæðisréttar*

Rekstrarfélag skal þróa fullnægjandi og árangursríkar áætlanir til að ákvarða hvort og hvenær nýta skuli atkvæðisrétt sem tilheyrir gerningum í eignasöfnum í stýringu, eingöngu með hagsmuni viðkomandi verðbréfasjóðs í huga.

Áætlun skv. 1. mgr. ræður verklagi og ráðstöfun við:

- a) eftirlit með viðeigandi athöfnum fyrirtækis,
- b) að tryggja nýtingu atkvæðisréttar í samræmi við fjárfestingarmarkmið og stefnu viðkomandi verðbréfasjóðs,
- c) að koma í veg fyrir eða stjórna hagsmunaárekstrum sem eru afleiðing nýtingar á atkvæðisrétti.

Upplýsingar um aðgerðir sem gripið er til á grundvelli þessara áætlana skal gerðar aðgengilegar eigendum hlutdeildarskírteina án endurgjalds, óski þeir þess.

#### IV. KAFLI Hátternisreglur

##### I. ÞÁTTUR Almennar meginreglur

20. gr.

*Skylda til að þjóna hagsmunum verðbréfasjóðs og eigendum hlutdeildarskírteina*

Rekstrarfélag skal tryggja að eigendur hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði undir þeirra stjórn fái sanngjarna meðhöndlun.

Rekstrarfélag skal ekki setja hagsmuni eins hóps eigenda hlutdeildarskírteina ofar hagsmunum annars hóps.

Rekstrarfélag skal beita viðeigandi stefnum og verklagi til að koma í veg fyrir mistök sem nærtækt er að gera ráð fyrir að hefðu áhrif á stöðugleika og heilleika markaðarins.

Rekstrarfélag skal nota sanngjörn, rétt og gegnsæ verðmatslíkön og –kerfi vegna verðbréfasjóðsins sem þau stjórna, til að fara að þeirri skyldu að starfa með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteinanna að leiðarljósi. Rekstrarfélag skal geta sýnt fram á að eignasöfn verðbréfasjóðsins séu verðlögð með nákvæmum hætti.

Rekstrarfélag skal starfa með þeim hætti að komið sé í veg fyrir óþarfa kostnað fyrir verðbréfasjóðinn og eigendur hlutdeildarskírteina hans.

## 21. gr.

### *Kröfur um áreiðanleikakönnun*

Rekstrarfélag skal tryggja áreiðanleika við val á og viðvarandi eftirlit með fjárfestingum, með hagsmuni verðbréfasjóðs og heilleika markaðarins að leiðarljósi.

Rekstrarfélag skal búa yfir fullnægjandi þekkingu og skilningi á þeim eignum sem verðbréfasjóðurinn hefur fjárfest í.

Rekstrarfélag skal koma á skriflegri stefnu og verklagi um áreiðanleikakannanir og innleiða skilvirkt fyrirkomulag til að tryggja að fjárfestingarákvarðanir, sem teknar eru fyrir hönd verðbréfasjóðsins, séu framkvæmdar í samræmi við fjárfestingastefnu og fjárfestingarmarkmið og áhættutakmarkanir verðbréfasjóðsins.

Rekstrarfélag skal við framkvæmd áhættustýringarstefnu sinnar ,og eftir því sem við á með tilliti til eðlis fyrirhugaðrar fjárfestingar, setja fram spár og framkvæma greiningu um áhrif fjárfestingar á samsetningu, seljanleika og áhættu á móti ávinningi eignasafns verðbréfasjóðsins áður en fjárfestingin er framkvæmd. Aðeins skal framkvæma greininguna á grundvelli áreiðanlegra og uppfærðra upplýsinga, bæði meginlegra og eiginlegra.

Rekstrarfélag skal sýna færni, aðgát og kostgæfni þegar það stofnar til, fer með eða bindur endi á hvers kyns samninga við þriðja aðila í tengslum við framkvæmd áhættustýringarstarfsemi. Áður en slíkir samningar eru gerðir skal rekstrarfélag gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sannreyna að þriðji aðili hafi getu og hæfni til að framkvæma áhættustýringarstarfsemi á áreiðanlegan, faglegan og skilvirkan hátt. Rekstrarfélag skal koma á fót aðferðum fyrir viðvarandi mat á gæðum frammistöðu þriðja aðila.

## 2. ÞÁTTUR

### **Meðferð áskriftar- og innlausnarpantana**

## 22. gr.

### *Skýrslugjöf vegna áskriftar- og innlausnarpantana*

Þegar framkvæmd er áskriftar- eða innlausnarpöntun frá eiganda hlutdeildarskírteina, skal rekstrarfélag senda eigandanum tilkynningu á varanlegum miðli til staðfestingar á framkvæmd pöntunarinnar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fyrsta viðskiptadag eftir

framkvæmdina eða, ef rekstrarfélag móttækur staðfestingu frá þriðja aðila, eigi síðar en fyrsta viðskiptadag eftir að staðfesting hefur borist frá þriðja aðila.

Ákvæði 1. mgr. skal þó ekki gilda ef í tilkynningunni eru sömu upplýsingar og eru í staðfestingu sem annar aðili á að senda eiganda hlutdeildarskírteinanna tafarlaust.

Í tilkynningunni, sem um getur í 1. mgr., skal eftir atvikum koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) auðkenni rekstrarfélags,
- b) nafn eða annað auðkenni eiganda hlutdeildarskírteina,
- c) viðtökudagur og -tími pöntunarinnar og greiðslumáti,
- d) dagsetning framkvæmdar,
- e) auðkenni verðbréfasjóðsins,
- f) eðli pöntunarinnar (áskrift eða innlausn),
- g) fjöldi hlutdeildarskírteina í viðskiptunum,
- h) virði hlutdeildarskírteina við áskrift eða innlausn,
- i) dagsetning viðmiðunargildis,
- j) heildarvirði pöntunarinnar, þ.m.t. gjöld vegna áskriftar eða hrein fjárhæð að frádregnum innlausnargjöldum,
- k) samtala þóknana og innheimts kostnaðar og sundurliðuð skipting ef fjárfestirinn fer fram á það.

Ef pantanir eiganda hlutdeildarskírteina eru framkvæmdar með reglulegu millibili skal rekstrarfélag annaðhvort framkvæma aðgerðina sem tilgreind er í 1. mgr. eða veita eiganda hlutdeildarskírteinanna upplýsingarnar, sem um getur í 3. mgr., eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti að því er varðar þessi viðskipti.

Rekstrarfélag skal veita eiganda hlutdeildarskírteina upplýsingar um stöðu pantana hans ef hann óskar eftir því.

### 3. ÞÁTTUR Besta framkvæmd

#### 23. gr.

##### *Framkvæmd fyrirmæla um viðskipti (viðmið um bestu framkvæmd)*

Rekstrarfélag skal þjóna hagsmunum verðbréfasjóðsins sem það stýrir þegar þau framkvæma fyrirmæli um viðskipti fyrir hönd verðbréfasjóðinn sem þau stýra.

Rekstrarfélag skal gera allar eðlilegar ráðstafanir við framkvæmd fyrirmæla til að ná fram niðurstöðu sem sé sem hagstæðust fyrir verðbréfasjóðinn, að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda á framfylgd og greiðslu, umfangs og eðlis pantana eða annarra þátta sem máli skipta. Ákvarða skal hlutfallslegt mikilvægi slíkra þátta með vísan til eftirfarandi viðmiðanir:

- a) markmið, fjárfestingarstefnu og áhættu verðbréfasjóðsins, eins og tilgreint er í lýsingunni eða, eftir því sem við á, í sjóðsreglum eða samþykktum verðbréfasjóðsins,
- b) einkenni pöntunarinnar,
- c) einkenni fjármálagerninganna sem um er að ræða í þeirri pöntun,
- d) einkenni viðskiptakerfanna sem unnt er að senda pöntunina.

Rekstrarfélag skal koma á ráðstöfunum sem gerir því kleift að uppfylla skuldbindingu skv. 1. mgr. Einkum skal rekstrarfélag koma á verklagsreglum sem gerir því kleift að ná

sem hagstæðastri niðurstöðu, að því er varðar framkvæmd fyrirmæla af hálfu verðbréfasjóðs. Rekstrarfélag skal gera helstu upplýsingar um verklagsreglur og um allar verulegar breytingar á þeim, aðgengilegar eigendum hlutdeildarskírteina.

Rekstrarfélag skal hafa reglubundið eftirlit með skilvirkni fyrirkomulags og verklagsreglna um framkvæmd fyrirmæla til að greina og, eftir því sem við á, leiðrétta annmarka. Auk þess skal rekstrarfélag endurskoða verklagsreglurnar árlega. Endurskoðun skal fara fram í hvert skipti sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á getu rekstrarfélagsins til að ná áframhaldandi besta hugsanlega árangri fyrir verðbréfasjóðinn sinn.

Rekstrarfélag skal geta sýnt fram á að það hafi framkvæmt fyrirmæli fyrir hönd verðbréfasjóðsins í samræmi við verklagsreglur rekstrarfélagsins.

#### 24. gr.

##### *Framkvæmd fyrirmæla af hálfu verðbréfasjóðs sem aðrar starfseiningar framkvæma*

Rekstrarfélag skal þjóna hagsmunum verðbréfasjóðsins sem það stýrir þegar það setur fram framkvæmd fyrirmæla fyrir verðbréfasjóðinn í tengslum við stýringu á eignasafni hans, sem önnur starfseining skal framkvæma.

Rekstrarfélag skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að niðurstaðan verði sem hagstæðust fyrir verðbréfasjóðinn, að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda á framfylgd og greiðslu, umfangs, eðlis eða annarra þátta sem máli skipta fyrir framkvæmd pöntunarinnar. Ákvarða skal hlutfallslegt mikilvægi slíkra þátta með tilvísun í 1. mgr. 23. gr.

Í samræmi við framangreint skal rekstrarfélag setja sér verklagsreglur sem gerir því kleift að uppfylla skyldu skv. 1. mgr. Í verklagsreglunum skal tilgreina, að því er varðar sérhvern flokk gerninga, þær starfseiningar sem má koma pöntunum til. Rekstrarfélag skal aðeins gera samning um framkvæmd ef slíkt fyrirkomulag er í samræmi við skyldur sem mælt er fyrir um í ákvæði þessu. Rekstrarfélag skal gera helstu upplýsingar um verklagsreglurnar og um allar verulegar breytingar á þeim, aðgengilegar eigendum hlutdeildarskírteina.

Rekstrarfélag skal hafa reglubundið eftirlit með skilvirkni verklagsreglna skv. 3. mgr., einkum á gæði framkvæmdar hjá þeim starfseiningum sem tilgreinar eru í verklagsreglunum, og leiðrétta annmarka eftir því sem við á.

Rekstrarfélag skal geta sýnt fram á að það hafi framkvæmt fyrirmæli fyrir hönd verðbréfasjóðsins í samræmi við verklagsreglur rekstrarfélagsins.

#### 4. ÞÁTTUR

##### **Meðferð fyrirmæla**

#### 25. gr.

##### *Almennar meginreglur*

Rekstrarfélag skal koma á verklagsreglum, og tryggja framkvæmd þeirra, þar sem kveðið er á um skjóta og sanngjarna framfylgd fyrirmæla um viðskipti með eignasafn fyrir hönd verðbréfasjóðsins. Verklagsreglurnar skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) tryggja skal að fyrirmæli, sem eru framkvæmd fyrir hönd verðbréfasjóðs, séu skráð og úthlutað án tafar og af nákvæmni,

- b) framkvæma skal fyrirmæli fyrir hönd verðbréfasjóðs, sem eru sambærileg að öðru leyti, í þeirri röð sem þau berast og án tafar nema það sé ógerlegt vegna þess hvers eðlis fyrirmælin eru eða vegna ríkjandi markaðsaðstæðna eða vegna þess að hagsmunir verðbréfasjóðsins krefjast þess.

Fjármálagerningum eða fjármunum, sem er veitt viðtaka við uppgjör eftir framkvæmd þessara fyrirmæla, skal komið til skila án tafar og með viðeigandi hætti á reikning viðkomandi verðbréfasjóðs.

Rekstrarfélag skal ekki misnota upplýsingar sem tengjast óafgreiddum fyrirmælum verðbréfasjóðs og það skal grípa til allra eðlilegra ráðstafana til að hindra að starfsmenn eða aðrir tengdir aðilar misnoti slíkar upplýsingar.

26. gr.

#### *Samansafn og úthlutun fyrirmæla*

Rekstrarfélagi er ekki heimilt að framkvæma fyrirmæli verðbréfasjóðs ásamt fyrirmælum annars verðbréfasjóðs eða annars viðskiptavinar eða viðskipum fyrir eigin reikning nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) ólíklegt verður að teljast að samsafn fyrirmæla og viðskipta muni í heild reynast óhagstæð einhverjum verðbréfasjóði eða viðskiptavini,
- b) móta skal stefnu um úthlutun fyrirmæla og framkvæmd með skilvirkum hætti, þar sem kveðið er á um sanngjarna dreifingu samsafnaðra fyrirmæla og viðskipta á nægilega ítarlegu máli, þ.m.t. hvernig magn og verð fyrirmæla ákvarðar dreifingu og meðferð fyrirmæla sem framkvæmdar eru að hluta.

Ef rekstrarfélag setur fyrirmæli verðbréfasjóðs með einni eða fleiri fyrirmælum annarra verðbréfasjóða eða viðskiptavina og samsöfnuðu fyrirmælin eru framkvæmd að hluta, skal það úthluta viðskiptunum í samræmi við stefnu sína um dreifingu fyrirmæla

Rekstrarfélag, sem hefur safnað saman viðskiptum fyrir eigin reikning og lagt við ein eða fleiri fyrirmæli verðbréfasjóðs eða annarra viðskiptavina, skal ekki úthluta viðskiptunum þannig að það skaði viðkomandi verðbréfasjóð eða viðskiptavin.

Ef rekstrarfélag bætir fyrirmælum verðbréfasjóðs eða annars viðskiptavinar við viðskipti fyrir eigin reikning og samsöfnuðu fyrirmælin eru framkvæmd að hluta, skal það úthluta tengdum viðskiptum til verðbréfasjóðsins eða viðskiptavinarins fremur en til rekstrarfélagsins sjálfs.

Ef rekstrarfélagið getur á hinn bóginn sýnt verðbréfasjóðnum eða öðrum viðskiptavini sínum fram á, með skynsamlegum hætti, að ef ekki hefði verið fyrir samsöfnunina hefði því ekki verið unnt að framkvæma fyrirmælin á svo hagstæðum kjörum, eða yfirleitt, getur það úthlutað viðskiptunum fyrir eigin reikning hlutfallslega, í samræmi við stefnuna sem um getur í b-lið 1. mgr.

## 4. ÞÁTTUR

### **Umbun**

27. gr.

*Verndun hagsmuna verðbréfasjóðs í tengslum við umbun*

Rekstrarfélög skulu starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við bestu hagsmuni verðbréfasjóðsins. Rekstrarfélög eru ekki talin sinna framangreindu ef þau greiða eða þeim er greidd, í tengslum við fjárfestingarstýringu og eignastýringu fyrir verðbréfasjóðinn, þóknun eða umboðslaun eða þeim er veittur fjárhagslegur ávinningur annar en eftirfarandi:

- a) þóknun, umboðslaun eða annar fjárhagslegur ávinningur, greiddur eða veittur verðbréfasjóði eða aðila, sem er fulltrúi verðbréfasjóðsins, eða sem verðbréfasjóðurinn greiðir eða veitir eða aðili fyrir hans hönd,
- b) þóknun, umboðslaun eða annar fjárhagslegur ávinningur, greiddur eða veittur þriðja aðila, eða aðila sem er fulltrúi þriðja aðilans, eða sem þriðji aðili greiðir eða veitir eða aðili fyrir hans hönd ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
  - i. verðbréfasjóðurinn skal vera skilmerkilega upplýstur með ítarlegum, nákvæmum og skiljanlegum hætti um tilvist, eðli og fjárhæð þóknunarinnar, umboðslaunanna eða ávinningsins,
  - ii. greiðsla þóknunarinnar eða umboðslaunanna eða afhending fjárhagslegs ávinnings skal vera með þeim hætti að viðkomandi þjónusta aukist að gæðum eða hindri rekstrarfélagið ekki í að sinna þeirri skyldu sinni að þjóna hagsmunum verðbréfasjóðsins,
- c) viðeignandi þóknunir, sem auðveldar eða eru nauðsynlegar til að viðkomandi þjónusta sé veitt, þ.m.t. vörslugjöld, uppgjörs- og viðskiptaþóknunir, eftirlitsgjöld eða lögfræðiþóknunir og sem, vegna eðlis þeirra, geta ekki valdið hagsmunaárekstrum við skyldu reksrtarfélagsins skv. 1. mgr.

Rekstrarfélagi er heimilt, að því er varðar i-lið b-liðar 1. mgr., að greina í stuttu máli frá grundvallarskilmálum í fyrirkomulagi, sem tengist þóknun, umboðslaunum eða öðrum fjárhagslegum ávinning, að því tilskildu að rekstrarfélagið skuldbindi sig til að greina frá frekari upplýsingum að beiðni eiganda hlutdeildarskrifteina og að því tilskildu að það virði þessa skuldbindingu.

## V. KAFLI

### Samkomulag vörslufyrirtækis og rekstrarfélags

28. gr.

*Verklag sem aðilum að samkomulagi ber að fylgja*

Vörslufyrirtæki og rekstrarfélag skulu gera með sér skriflegt samkomulag þegar heimaríki rekstrarfélagsins er annað en verðbréfasjóðsins. Nefnast þau „aðilar að samkomulaginu“. Samkomulagið skal taka til nauðsynlegs upplýsingaflæðis milli þessara aðila til að vörslufyrirtæki geti sinnt skyldum sínum skv. 20. gr. og 22. gr. laga nr. 128/2011 og/eða öðrum lögum og reglum sem gilda um vörslufyrirtæki í viðkomandi ríki. Í samkomulaginu skulu a.m.k. eftirfarandi atriði tiltekin í tengslum við þjónustuna sem aðilar að samkomulaginu veita og verklag sem þeim ber að fylgja:

- a) lýsing á verklagi þ.m.t. það sem tengist varðveislu, sem skal samþykkja fyrir hvern eignaflokk verðbréfasjóðsins sem falinn er vörslufyrirtækinu,
- b) lýsingu á verklagi sem ber að fylgja ef rekstrarfélagið gerir ráð fyrir að breyta sjóðsreglum eða lýsingu verðbréfasjóðsins og tilgreina hvenær beri að upplýsa



- vörslufyrirtækið, eða hvenær þörf er á undanfarandi samkomulagi við vörslufyrirtækið til að hægt sé að halda áfram með breytinguna,
- c) lýsingu á aðferðum og verklagi sem vörslufyrirtækið notar til að senda rekstrarfélaginu allar viðeigandi upplýsingar sem það þarf til að inna starf sitt af hendi, þ.m.t. lýsing á aðferðum og verklagi í tengslum við nýtingu réttinda sem eru tengd fjármálagerningum, og aðferðum og verklagi sem beitt er til að gera rekstrarfélaginu og verðbréfasjóðnum kleift að hafa tímanlegt og nákvæmt aðgengi að upplýsingum í tengslum við reikninga verðbréfasjóðsins,
  - d) lýsingu á aðferðum og verklagi sem vörslufyrirtækið getur nýtt til að nálgast allar viðeigandi upplýsingar sem það þarf til að geta uppfyllt skyldur sínar,
  - e) lýsingu á verklagi sem vörslufyrirtækið getur fylgt til að spyrjast fyrir um framkvæmd rekstrarfélagsins og til að meta gæði sendra upplýsinga, þ.m.t. með vettvangsheimsóknnum,
  - f) lýsingu á verklagi sem rekstrarfélagið getur farið eftir við endurskoðun á frammistöðu vörslufyrirtækisins að því er varðar samningsbundnar skyldur vörslufyrirtækisins.

#### 29. gr.

##### *Upplýsingaskipti og skuldbinding um þagnarskyldu og viðnám gegn peningaþvætti*

Í samkomulagi sbr. 28. gr. skal m.a. fjalla um eftirfarandi þætti í tengslum við upplýsingaskipti og skuldbindingu um þagnarskyldur og viðnám gegn peningaþvætti:

- a) skrá yfir allar upplýsingar sem verðbréfasjóðurinn, rekstrarfélag hans og vörslufyrirtæki þurfa að skiptast á í tengslum við áskrift, innlausn, útgáfu, afpöntun og endurkaup hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðnum,
- b) þagnarskyldu sem gildir um aðila að samkomulaginu,
- c) upplýsingar um verkefni og ábyrgð aðila að samkomulaginu að því er varðar skyldur í tengslum við að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, eftir atvikum.

Skyldurnar sem um getur í b-lið 1. mgr. skulu settar fram með þeim hætti að þær skerði hvorki getu lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki rekstrarfélags né lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins til að fá aðgang að viðeigandi skjölum og upplýsingum.

#### 30. gr.

##### *Tilnefning þriðju aðila*

Geri vörslufyrirtækið eða rekstrarfélagið ráð fyrir að tilnefna þriðja aðila til að inna af hendi skyldur sínar skulu báðir aðilar að samkomulaginu, sem um getur í 28. gr. fjalla a.m.k. um eftirfarandi atriði í því samkomulagi:

- a) skuldbindingu beggja aðila um að veita með reglulegu millibili upplýsingar um alla þá þriðju aðila sem vörslufyrirtækið eða rekstrarfélagið tilnefnir til að inna af hendi skyldur sínar,
- b) skuldbinding um að ef annar hvor aðilinn óskar eftir því þá muni hinn aðilinn veita upplýsingar um viðmiðanirnar sem við er stuðst við val á þriðja aðila og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að hafa eftirlit með starfsemiinni sem þriðji aðili sinnir,
- c) yfirlýsingu þess efnis að það breyti ekki ábyrgð vörslufyrirtækis sbr. 22. gr. laga nr.

128/2011 þótt það hafi falið þriðja aðila einhverjar eða allar eignir sem því hefur verið falið að varðveita.

31. gr.

*Breytingar og slit samkomulagsins*

Í samkomulagi aðila skv. 28. gr. skal fjallað a.m.k. um eftirfarandi atriði í tengslum við breytingar og slit samkomulags:

- a) gildistíma samkomulags,
- b) skilyrði sem verða að vera fyrir hendi til að breyta megi samkomulaginu eða slíta því,
- c) skilyrði sem nauðsynleg eru til að auðvelda flutning til annars vörslufyrirtækis og, ef um er að ræða slíkan flutning, með hvaða hætti vörslufyrirtækið skal senda allar viðeigandi upplýsingar til hins vörslufyrirtækisins.

32. gr.

*Gildandi lög*

Í samkomulagi aðila skv. 28. gr. skal tilgreint að lög heimaríkis verðbréfasjóðsins gildi um samkomulagið.

33. gr.

*Rafræn sending upplýsinga*

Ef aðilar að samkomulagi skv. 28. gr. ákveða að beita rafrænni sendingu vegna hluta eða allra upplýsinganna sem þeir skiptast á skulu aðildarríki krefjast þess að slíkt samkomulag feli í sér ákvæði sem tryggja að slíkar upplýsingar séu skráðar.

34. gr.

*Gildissvið samkomulagsins*

Heimilt er að samkomulagið skv. 28. gr. taki til fleiri en eins verðbréfasjóðs undir stjórn rekstrarfélagsins. Viðkomandi verðbréfasjóður skal skrá í samkomulagið.

35. gr.

*Þjónustusamningur*

Heimilt er að fjalla um upplýsingar og aðferðir við verklag í samkomulaginu sbr. c- og d-lið 28. gr. eða í sérstöku skriflegu samkomulagi milli aðila.

**VI. KAFLI**

**Áhættustýring**

**1. ÞÁTTUR**

**Stefna um áhættustýringu og áhættumat**

36. gr.

*Áhættustýringarstefna*

Rekstrarfélag skal koma á og viðhalda viðunandi stefnu um áhættustýringu sem vaktar og greinir áhættu verðbréfasjóðsins sem það stýrir, eða kann að vera, óvarinn fyrir og framlag hennar til heildaráhættu eignasafnsins. Sérstaka aðferð skal nota til að leggja nákvæmt og óháð mat á virði afleiðna utan skipulegra markaða (e. OTC derivatives). Stefna um áhættustýringu skal taka til aðferða sem nauðsynlegar eru til að gera rekstrarfélaginu kleift að meta markaðs-, seljanleika- og mótaðilaáhættu fyrir hvern verðbréfasjóð sem það stjórnar, og alla aðra áhættu sem sá verðbréfasjóður er óvarinn fyrir þ.m.t. rekstraráhætta sem getur verið veruleg fyrir hvern verðbréfasjóð.

Rekstrarfélög fjalli a.m.k. um eftirfarandi þætti í stefnu um áhættustýringu:

- a) aðferðir, tæki og fyrirkomulag sem gerir þeim kleift að vera í samræmi við skuldbindingar 38. gr. og 39. gr.,
- b) úthlutun ábyrgðar er varðar áhættustýringu innan rekstrarfélagsins.

Rekstrarfélag skal tilgreina í stefnu um áhættustýringu sbr. 1. mgr. skilmála, inntak og tíðni skýrslugjafar um áhættustýringarstarfsemina, sem um getur í 11. gr., til stjórnarinnar og yfirstjórnarinnar og, eftir því sem við á, til eftirlitseiningarinnar.

Að því er varðar 1. og 2. mgr. skal rekstrarfélag taka tillit til eðlis, umfangs og þess hve flókin starfsemi þess er og verðbréfasjóðsins sem þau stýra.

Rekstrarfélag skal veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar reglubundið um áhættustýringarstefnuna og innihald hennar skv. ákvæði þessu.

37. gr.

*Eftirlit og endurskoðun með stefnu um áhættustýringu*

Rekstrarfélög skulu meta, hafa eftirlit og endurskoða með reglulegu millibili:

- a) hvort stefna um áhættustýringu og fyrirkomulag, ferli og aðferðir sem um getur í 38. gr. og 39. gr. séu fullnægjandi og skilvirkar,
- b) í hvaða mæli rekstrarfélagið fylgi áhættustýringarstefnunni og fyrirkomulagi, ferlum og aðferðum sem um getur í 38. og 39. gr.,
- c) hvort ráðstafanir sem ætlað er að taka á annmörkum við framkvæmd áhættustýringarferlisins séu fullnægjandi og skilvirkar.

Rekstrarfélag skal tilkynna fjármálaeftirliti heimaríki síns um verulegar breytingar á áhættustýringarferlinu.

Fjármálaeftirlitið skal reglubundið endurskoða skuldbindingar rekstrarfélags skv. 1. mgr. sem og við veitingu leyfis.

## 2. ÞÁTTUR

### **Áhættustýringarferli, mótaðilaáhætta og samþjöppun útgefanda**

38. gr.

*Áhættumat og áhættustýring*

Rekstrarfélag skal samþykkja fullnægjandi og árangursríkar verklagsreglur og ferla til að:

- a) meta og stjórna á hverjum tíma þeirri áhættu sem verðbréfasjóðurinn sem þau stýra er, eða gæti verið óvarinn fyrir,

b) tryggja að farið sé að takmörkunum varðandi heildaráhættu og mótaðilaáhættu í samræmi við 39. gr. og 41. gr.

Ofangreindar verklagsreglur og ferli skulu vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og það hve flókin starfsemi rekstrarfélags og verðbréfasjóðsins sem þau stýra er, og vera í samræmi við áhættusnið verðbréfasjóðsins.

Að því er varðar 1. mgr. skal rekstrarfélag grípa til eftirfarandi aðgerða fyrir hvern og einn verðbréfasjóð sem það stýrir:

a) koma á fyrirkomulagi, ferlum og aðferðum við áhættumat sem nauðsynlegt er til að tryggja að áhætta af teknum stöðum og framlag þeirra til heildaráhættusniðsins sé metið nákvæmlega á grundvelli traustra og áreiðanlegra gagna, og að fyrirkomulag, ferlar og aðferðir við áhættumatið sé skjalfest með fullnægjandi hætti,

b) framkvæmi, eftir því sem við á, reglubundið afturvirktt eftirlit til að endurskoða gildi áhættumatsfyrirkomulagsins sem felur í sér notkun spá- og matslíkana,

c) framkvæmi, eftir því sem við á, reglubundin álagspróf og sviðsmyndagreiningar til að taka á áhættu sem leiðir af mögulegum breytingum á markaðsaðstæðum sem gætu haft slæm áhrif á verðbréfasjóðinn,

d) komi á, innleiði og viðhaldi skjalfestu kerfi um innri takmarkanir varðandi mat sem beitt er til að stjórna og hafa eftirlit með viðeigandi áhættu sem varðar hvern verðbréfasjóð fyrir sig að teknu tilliti til allrar áhættu sem gæti haft veruleg áhrif á verðbréfasjóðinn eins og um getur í 36. gr. og tryggi samræmi við áhættusnið verðbréfasjóðsins,

e) tryggi að núverandi áhættustig sé í samræmi við kerfið um áhættutakmörkun eins og segir í d-lið fyrir hvern verðbréfasjóð,

f) komi á, innleiði og viðhaldi fullnægjandi verklagi sem, ef um er að ræða raunveruleg eða fyrirséð brot á kerfi verðbréfasjóðsins um takmörkun áhættu, leiðir til þess að gripið verði tímanlega til ráðstafana til úrbóta með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi.

Rekstrarfélag skal beita viðeigandi stýringu lausafjáraáhættu til að tryggja að hver og einn verðbréfasjóður sem þau stjórna uppfylli ávallt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 128/2011. Rekstrarfélög skulu, eftir því sem við á, framkvæma álagspróf sem gera þeim kleift að meta lausafjáraáhættu verðbréfasjóðsins við óvenjulegar aðstæður.

Rekstrarfélag skal tryggja, fyrir hvern verðbréfasjóð sem það stýrir, að lausafjársnið fjárfestinga verðbréfasjóðsins sé í samræmi við innlausnarstefnuna sem sett er fram í sjóðsreglunum, stofnsamningnum eða lýsingunni.

### 39. gr.

#### *Útreikningur á heildaráhættu*

Heildaráhætta verðbréfasjóðs vegna afleiðugerninga skal ekki fara yfir hreint heildarvirði eignasafns hans. Við útreikning áhættu skal taka mið af núvirði undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, líklegri þróun fjármálamarkaða og líftíma samninga. Rekstrarfélag skal reikna út að heildaráhætta verðbréfasjóðs sem það stýrir, í tengslum við afleiðuviðskipti sbr. 34. gr. laga nr. 128/2011, sé annað hvort:

- a) aukin áhætta og skuldsetning vegna notkunar verðbréfasjóðsins, sem það stýrir, á fjármálaafleiðugerningum, þ.m.t. innbyggðar afleiður má ekki vera umfram samtölu verðmætis hreinnar eignar verðbréfasjóðsins,
- b) markaðsáhætta eignasafns verðbréfasjóðsins.

Rekstrarfélag skal reikna út heildaráhættu verðbréfasjóðsins eigi sjaldnar en daglega.

Rekstrarfélagi er heimilt að reikna út heildaráhættu með notkun staðfestuadferðarinnar eða vágildisaðferðarinnar (e. VaR). „Vágildi“ merkir mælikvarða á hámark vænts taps á tilteknu öryggisstigi á tilteknu tímabili.

Rekstrarfélag skal tryggja að aðferðin sem valin er til að mæla heildaráhættu sé viðeigandi, að teknu tilliti til fjárfestingarmarkmiða verðbréfasjóðsins og tegundar og þess hversu flóknir afleiðugerningar eru notaðir, og hversu hátt hlutfall eignasafns verðbréfasjóðsins er fjármálaafleiðugerningar.

Ef verðbréfasjóður, beitir tilteknum aðferðum og gerningum til að auka skilvirkni í stýringu eignasafna, þ.m.t. endurhverf verðbréfakaup eða verðbréfalánveitingar til að auka skuldsetningu eða markaðsáhættu, skal rekstrarfélag taka viðkomandi viðskipti til greina við útreikning á heildaráhættu. Viðskiptin og aðferðirnar mega ekki í neinum tilvikum verða til þess að verðbréfasjóðurinn víki frá fjárfestingarmarkmiðum sínum.

#### 40. gr.

##### *Staðfestuadferð*

Ef staðfestuadferðinni (e. *the commitment approach*) er beitt við útreikning á heildaráhættu skal rekstrarfélag beita þeirri aðferð á alla fjármálaafleiðugerninga, þ.m.t. innbyggðar afleiður, hvort sem þær eru notaðar í samræmi við almenna fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðsins, til að draga úr áhættu eða að því er varðar skilvirka stýringu eignasafns. Ef staðfestuadferðinni er beitt við útreikning á heildaráhættu skal rekstrarfélag umreikna hvern og einn fjármálaafleiðugerning í eignasafninu yfir í markaðsvirði sambærilegrar stöðu í undirliggjandi eign viðkomandi afleiðu (hefðbundna staðfestuadferðin).

Rekstrarfélögum er heimilt að taka til greina skuldajöfnun og áhættuvarnir við útreikning á heildaráhættu, ef slíkt fyrirkomulag lítur ekki framhjá augljósri og verulegri áhættu og dregur greinilega úr áhættu.

Ef notkun fjármálaafleiðugerninga eykur ekki áhættu verðbréfasjóðsins þarf ekki að taka tillit til undirliggjandi áhættu við staðfestuútreikninginn.

Ef staðfestuadferðinni er beitt þarf ekki að taka tillit til skammtímalána sem verðbréfasjóðurinn hefur tekið í samræmi við 2. mgr. 41. gr. laga nr. 128/2011 við útreikning á heildaráhættu.

#### 41. gr.

##### *Mótaðilaáhætta og samþjöppun útgefanda*

Rekstrarfélag skal tryggja að mótaðilaáhætta, sem leiðir af afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða (e. *OTC derivative*), falli undir takmarkanir sem settar eru fram í 35. gr. laga nr. 128/2011.

Við útreikning á mótaðilaáhættu verðbréfasjóðsins í samræmi við takmarkanir 1. og 2. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011 skulu rekstrarfélög nota jákvætt markaðsvirði afleiðusamnings utan skipulegra verðbréfamarkaða við þann mótaðila.

Rekstrarfélag getur skuldajafnað afleiðustöðu verðbréfasjóðs við sama mótaðila, að því tilskildu að félagið geti löglega framfylgt skuldajöfnunarsamningunum við mótaðilann fyrir hönd verðbréfasjóðsins. Skuldajöfnun er eingöngu leyfileg að því er varðar afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef þeir eru við sama mótaðila og tengjast engri annarri áhættu verðbréfasjóðsins sem gæti haft sama mótaðila.

Rekstrarfélagi er heimilt að minnka áhættu verðbréfasjóðsins gagnvart mótaðila í viðskiptum með afleiðu utan skipulegra verðbréfamarkaða ef félagið fær tryggingu. Móttekin trygging skal vera nægilega seljanleg til að unnt sé að selja hana hratt og á verði sem er nálægt verðmati hennar fyrir sölu.

Rekstrarfélag skal taka tillit til trygginga við útreikning á mótaðilaáhættu, sbr. 2. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011, þegar rekstrarfélagið framselur tryggingu til mótaðila í afleiðuviðskiptum utan skipulegra verðbréfamarkaða fyrir hönd verðbréfasjóðsins. Aðeins má taka tillit til framseldra trygginga við skuldajöfnun ef rekstrarfélagið getur löglega framfylgt skuldajöfnunarsamningum við mótaðilann fyrir hönd verðbréfasjóðsins.

Rekstrarfélög skulu reikna út fjárfestingarhámark útgefanda eins og um getur í 35. gr. laga nr. 128/2011 á grundvelli undirliggjandi áhættu vegna notkunar fjármálaafleiðugerninga samkvæmt staðfestuaðferðinni.

Að því er varðar áhættu vegna viðskipta með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða, eins og um getur í 4. mgr. 35. gr. laga nr. 128/2011, skal rekstrarfélag taka tillit til mótaðilaáhættu vegna afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða við útreikninginn.

#### 42. gr.

##### *Verklag við mat á virði afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða*

Rekstrarfélag skal sannreyna að áhætta verðbréfasjóðs vegna afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða sé metin á gangvirði sem byggir ekki eingöngu á markaðsskráningu mótaðilans í viðskiptunum og sem uppfyllir viðmiðanirnar sem settar eru fram í 4. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. XX/XXXX.

Að því er varðar 1. mgr. skulu rekstrarfélög koma á, framkvæma og viðhalda fyrirkomulagi og verklagi sem tryggir viðeigandi, gagnsætt og sanngjarnt mat á áhættu verðbréfasjóðs vegna afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða. Rekstrarfélag skal tryggja að gangvirði afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða sé metið á fullnægjandi, nákvæman og óháðan hátt. Matsfyrirkomulag og -ferli skal vera fullnægjandi og í réttu hlutfalli við eðli viðkomandi afleiðu utan skipulegra verðbréfamarkaða og það hversu flókin hún er. Rekstrarfélög skulu fara að kröfunum sem settar eru fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar og í 5. mgr. 21. gr. ef fyrirkomulag og verklag við mat á afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða felur í sér að þriðju aðilar framkvæmi tiltekna aðgerðir.

Að því er varðar 1. og 2. mgr. skal úthluta áhættustýringarstarfseminni tilteknum skyldum og ábyrgð.

Matsfyrirkomulag og -ferli sem um getur í 2. mgr. skal vera skjalfest á fullnægjandi hátt.

#### 43. gr.

*Skýrsluskil um afleiður*

Rekstrarfélag skal afhenda Fjármálaeftirlitinu, eigi sjaldnar en árlega, skýrslur með upplýsingum sem gefa glögga mynd af þeim tegundum afleiða sem hver og einn verðbréfasjóður notar, undirliggjandi áhættu, magntakmörkunum og aðferðum sem notast er við til að meta áhættu í tengslum við afleiðuviðskiptin.

Fjármálaeftirlitið skal endurskoða tíðni og heilleika upplýsinga sem um getur í 1. mgr. og beita heimildum sínum til íhlutunar ef við á.

44. gr.

*Lögleiðing og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 64. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði og 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Reglugerðin er til innleiðingar á hluta tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB um efni tilskipunar 2009/65, varðandi skipulagskröfur, hagsmunaaðrekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu o.fl. inntak samkomulagsins milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags sem vísað er til í lið 30b. í IX. viðauka við samninginn um evrópska efnahagssvæðið.

Reglugerð þessi tekur gildi 1. apríl 2014.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, xx. xxxx 2013.*

**Bjarni Benediktsson**

F.h.r.

*Tómas Brynjólfsson*

*Guðbjörg Eva H. Baldursdóttir*